
Eineltisáætlun Álfasteins vegna nemenda

Leikskólinn Álfasteinn leggur áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Því verður hvorki einelti né annað ofbeldi liðið í skólanum. Við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi sem og að leysa þau mál sem upp kunna að koma á farsælan hátt.

Leikskólinn Álfasteinn á að vera öruggur vinnustaður barna og fullorðinna þar sem starfið mótast af virðingu, umhyggju og vináttu.

Til að fyrirbyggja einelti er mikilvægt að heimili og skóli stuðli að velferð allra nemenda.

Skilgreining

Hvað er Einelti: Ámælisvert eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Einelti er niðurlægjandi áreiti eða ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum og sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, líkamlegri misbeitingu, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun

Einelti getur birst í ýmsum myndum en algengast er að flokka það í tvo flokka, líkamlegt og andlegt. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Líkamlegt einelti er hvers konar líkamlegt áreiti svo sem barsmíðar, slagsmál, hártoganir og spörk. *Andlegt* einelti á sér stað við stríðni, höfnun, svipbrigði, skilaboð o.fl. (skilja út undan, tala illa um, ógna, hæða o.s.frv.).

Dæmigerð einkenni eineltis:

- Nemandi vill ekki fara í leikskólann
- Nemandi kvartar undan vanlíðan á morgnana, t.d. höfuðverk og magaverk
- Sjálfstraust nemanda minnkar og það byrjar jafnvel að stama
- Nemandi fitnar eða grennist ótæpilega
- Nemandi leikur sér ekki við önnur börn, forðast þau jafnvel
- Nemandi neitar að segja frá því hvað amar að
- Nemandi kemur oft heim með marbletti eða skrámur
- Nemandi verður árásgjarn og erfiður viðureignar

Er einelti í leikskólum?

Einelti getur átt sér stað jafnt í leikskólum sem og á öðrum skólastigum. Lendi nemandi í einelti í leikskóla getur það mögulega fylgt honum áfram upp í grunnskóla ef ekkert er aðhafst.

Leikskólanemendur eru að byrja að mynda vinatengsl. Það getur skipt sköpum að nemandinn nái að þroska þessi tengsl og fái hjálp til þess á meðan hann er í leikskóla. Það getur breytt miklu fyrir nemanda sem er líklegur þolandi í eineltismáli að eiga traustan og góðan vin. Nemendur í leikskólum

eru í öruggu umhverfi og því er kjörið að byrja að vinna gegn einelti þar sem hópurinn er náinn. Auk þess eru tengsl starfsfólks við foreldra í leikskólum nánari en á öðrum skólastigum.

Hvað gerum við:

Þegar vitneskja um einelti berst frá nemendum, forráðamönnum eða starfsfólki skólans, er henni komið til viðeigandi deildarstjóra eða leikskólastjóra. Hann ákveður næstu skref eftir eðli málsins og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir og gerir forráðamönnum barnsins grein fyrir stöðu mála.

Forvarnir gegn einelti:

- Deildarstjóri ber ábyrgð á reglulegri umræðu á deildarfundum um líðan, samskipti og hegðun allra sem á deildinni eru.
- Allt starfsfólk ber ábyrgð á reglulegri umræðu við nemendurna um líðan, samskipti og hegðun.
- Deildarstjóri, starfsfólk og nemendur vinna saman reglur á deildinni gegn ofbeldi og einelti.
- Nemendur sýna hverjir öðrum tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.
- Allt starfsfólk stuðlar að samvinnu heimila og skóla.
- Virkt eftirlit er á öllum starfsstöðvum leikskólans, s.s. útisvæði, leikstofum og í vettvangsferðum.
- Það er á ábyrgð allra starfsmanna leikskólans að fara eftir þessari áætlun.
- Leikskólastjóri sér um að upplýsingar og að vitneskja berist á viðeigandi staði eftir eðli máls. Einnig ber hann höfuðábyrgð á að farið sé eftir þessari áætlun.

Það sem við getum öll gert:

- Tekið einelti alvarlega og reynt að koma í veg fyrir að það eigi sér stað.
- Aflað góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti.
- Hvatt börnin til að segja frá einelti og stutt við bakið á þeim.
- Hjálpað sérhverju barni sem verður fyrir einelti.
- Aðstoðað börn sem leggja önnur börn í einelti, við að breyta hátterni sínu.
- Gert börnunum grein fyrir að einelti í leikskóla hefur áhrif á starf og líðan allra á deildinn þar sem einelti viðgengst.
- Upplýst börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust þeirra, sem fyrir því verða.

Hlutverk starfsmanna leikskólans:

- Að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda.
- Hlusta á börnin og lesa í samskipti þeirra.
- Mikilvægt er að leikskólastjóri og aðrir starfsmenn komi vitneskju um einelti sem allra fyrst til deildarstjóra.

Hlutverk nemenda leikskólans:

- Að koma vitneskju um einelti til starfsmanna.

Hlutverk foreldra:

- Að vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barna sinna.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda utan leikskólatíma.

Upp kemur mál:

Þegar vitneskja berst um að nemandi Álfasteins hafi orðið fyrir einelti, frá öðrum nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki leikskólans, er henni komið til deildarstjóra eða leikskólastjóra. Hann

greinir málið samkvæmt skilgreiningu leikskólans á einelti og leitar eftir upplýsingum og ákveður næstu skref eftir eðli málsins og ráðfærir sig við leikskólastjóra.

- Ef deildarstjóri metur að um einelti sé að ræða á sinni deild, gerir hann forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni og unnið er í samráði við þá. Farið er yfir hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þolanda og geranda/gerendur.
- Deildarstjóri fer í ábyrga umræðu um einelti með barnahópnum. Gott er að nýta félagsfærnisögur í umræðunni og gefa börnunum tækifæri á að setja sig í spor þolanda. Þannig má uppræta stríðni og minna börnin þannig á hvernig einstaklingnum líður.
- Farið er yfir hvað forráðamenn þolanda og geranda/gerenda geta gert til aðstoðar barni sínu og leikskólanum og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
- Foreldrar geta haft samband við leikskólastjóra telji þeir þörf á.
- Áframhaldandi samstarf foreldra og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.
- Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki grein fyrir stöðu mála.
- Allt ferlið er skráð af deildarstjóra og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik. Leikskólastjóri fylgist með framgangi málsins. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja deildarinnar er leitað til lausnarteymis leikskólans.

Hlutverk lausnarteymis:

Í lausnarteymi sitja leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra. Viðkomandi deildarstjóri tekur einnig sæti í teyminu. Hlutverk lausnarteymis er fyrst og fremst að vera leiðbeinandi aðili við lausn vandamála sem upp koma í leikskólanum. Lausnarteymið miðlar þekkingu og heldur utan um upplýsingar.

Lausnarteymi er leikskólakennurum til fulltingis í erfiðum/alvarlegum viðtölum ef óskað er eftir því. Sé vandamál svo alvarlegt að leikskólakennari telur fullreynt að hann geti leyst það sjálfur getur hann vísað málinu til teymisins sem grípur þá til frekari aðgerða.

Að lokum:

Í *stjórnarskránni* segir; „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og ummönnun sem velferð þeirra krefst“. Þessu ber okkur að fylgja og því er mikilvægt að öll eineltismál séu meðhöndluð samkvæmt þeirri áætlun sem hér hefur verið lýst. Það er réttur allra barna að finna til öryggis og vellíðunar í skólanum. Við viljum tryggja að svo sé í Álfasteini.

Samkvæmt 16. gr. *barnaverndarlaga* ber almenningi skylda til að gera starfsfólki barnaverndar viðvart gruni hann að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Samkvæmt 19. gr. sömu laga getur einstaklingur sem tilkynnir óskað eftir nafnleynd gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

Samkvæmt 17. gr. *barnaverndarlaga* ber öllum þeim sem hafa afskipti af börnum starfa sinna vegna að gera starfsfólki barnaverndar viðvart verði þeir varir við það í starfi sínu að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Tekið er fram að tilkynningarskylda gengur framár ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta. Þá geta þeir sem tilkynna á grundvelli þessarar greinar ekki óskað eftir nafnleynd.

Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála.

Eineltisáætlun Álfasteins vegna starfsmanna

Leikskólinn Álfasteinn leggur áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Því verður hvorki einelti né annað ofbeldi liðið í skólanum. Við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi sem og að leysa þau mál sem upp kunna að koma á farsælan hátt.

Leikskólinn Álfasteinn á að vera öruggur vinnustaður barna og fullorðinna þar sem starfið mótast af virðingu, umhyggju og vináttu.

Einelti:

Einelti er ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda sé skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur hvorki viðvarandi eða endurtekinn kerfisbundið. (Reglugerð nr: 1000/2004)

Birtingarmyndir eineltis:

- Hroki, valdhroki, fyrirlitning
- Ókurteysi
- Óljós eða tvíræð skilaboð
- Óraunsæjar eða ósanngjarnar kröfur til starfsmanns
- Upplýsingastreymi markvisst takmarkað til starfsmanns
- Slúður
- Undirróður
- Baktal
- Neikvætt tal eða nið sem er til þess fallið að kasta rýrð á manneskju, bæði persónulega og faglega
- Athugasemdir um klæðaburð, mataræði, líkamsburð, stíl, venjur, siði, húðlit, menningu eða trúarbrögð
- Gróf stríðni/hæðni
- Kerfisbundin útskúfun, hunsun, horfa ekki í augun á einstaklingi
- Einstaklingur markvisst einangraður frá félagslegum samskiptum
- Óréttmæt gagnrýni

Hafa ber í huga að enginn getur ákveðið upplifun annarra. Sérhver einstaklingur verður sjálfur að meta hvaða framkonu hann umber og frá hverjum.

Skyldur leikskólastjóra:

Góður vinnustaðabragur byggir á að starfsmenn séu upp til hópa í góðu andlegu jafnvægi. Aðstæður og andrúmsloft á vinnustaðnum þarf að vera gott og stjórnandi skal vera heiðarlegur og réttlátur og láta sig líðan starfsmanna varða. Leikskólastjóri skal skipuleggja vinnu þannig að dregið sé úr hættu á að þær aðstæður skapist í vinnuumhverfi sem leitt geti til eineltis eða annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi. Leikskólastjóri skal gera starfsfólki það ljóst að einelti og önnur ótilhlýðileg háttsemi er óheimil á vinnustað. Leikskólastjóra ber skylda til að láta slíka háttsemi á vinnustað ekki viðgangast og skal hann leitast við að koma í veg fyrir ótilhlýðilega háttsemi sem hann fær vitneskju um, í samráði við vinnuverndarfulltrúa á vinnustaðnum þegar við á. (Reglugerð nr: 1000/2004)

Tilkynningaskylda starfsmanns:

Starfsmaður sem hefur orðið fyrir eða hefur vitneskju um einelti á vinnustað skal upplýsa atvinnurekanda eða vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það. Starfsmaðurinn þarf að vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar ef ástæða þykir til. (Reglugerð nr. 1000/2004)

Vinnuverndarfulltrúi á vinnustað: Fulltrúi í Öryggisnefnd, sá sem hefur verið kosinn öryggistrúnaðarmaður eða skipaður öryggisvörður. Einnig er átt við aðra aðila sem starfa að vinnuvernd innan vinnustaðar.

Viðbrögð atvinnurekanda

Atvinnurekandi skal bregðast við eins fljótt og kostur er komi fram ábending eða kvörtun um einelti á vinnustað. Hið sama gildir þegar rökstuddur grunur er um að einelti eða önnur ótilhlýðileg háttsemi í garð starfsmanna eða stjórnenda eigi sér stað innan vinnustaðarins. Meta skal aðstæður í samvinnu við vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins, utanaðkomandi ráðgjafa, ef með þarf, og aðra er málið varðar. Atvinnurekandi skal grípa til viðeigandi ráðstafana og fylgja því eftir að einelti endurtaki sig ekki á vinnustaðnum. (Reglugerð nr. 1000/2004)

Starfsmaður sem verður uppvís að einelti getur fengið áminningu í starfi, breytingu eða flutning í starfi eða uppsögn.

Hvert á að leita:

- Næsti yfirmaður
- Öryggisvörður/öryggistrúnaðarmaður
- Trúnaðarmenn stéttarféлага

Ef þörf er á kallar yfirmaður saman *samráðsteymi* leikskólans. Samráðsteymi samanstendur af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, öryggistrúnaðarmanni og einum deildarstjóra. Hlutverk samráðsteymis er fyrst og fremst að vera leiðbeinandi aðili við lausn vandamála sem koma upp á leikskólanum. Samráðsteymið miðlar þekkingu og heldur utan um upplýsingar. Ef þolandi upplifir sem kvörtun hans sé hunsuð eða er ekki sáttur við meðferð mála getur hann leitað til trúnaðarmanna stéttarféлага eða fengið ráðleggingar frá vinnueftirlitinu.

Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1000-2004>